

M-71/2011. Álit 15. desember 2011.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 15. desember 2011 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-71/2011.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 28. júlí sl. bað X hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna reiknings Y, hér eftir nefnt seljandi, að fjárhæð kr. 487.411 vegna garðvinnu. Krafa álitsbeiðanda er sú að hann þurfi ekki að greiða meira en kr. 160.000 auk virðisaukaskatts, eða samtals kr. 200.800 fyrir vinnuna, þ.e. að hluti reikningsins, kr. 286.611, verði felldur niður.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi kæruneftndarinnar, dags. 17. ágúst sl., var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni. Andsvör bárust hinn 30. ágúst og með bréfi nefndarinnar dags. 2. september var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin. Athugasemdir álitsbeiðanda bárust nefndinni hinn 8. september sl., og viðbótarathugasemdir hans hinn 21. október sl. Að því búnu var málið tekið til afgreiðslu nefndarinnar.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi lýsir atvikum á þann hátt að hann hafi leitað til seljanda vegna garðvinnu við heimili sitt. Í fyrstu hafi aðeins verið samið um trjáfellingu, og hafi seljandi gert honum tilboð í þá vinnu, þ.e. fellingu, eitrun og förgun, og hafi tilboðið hljóðað upp á 95.000 kr. fyrir utan virðisaukaskatt. Hins vegar hafi einnig verið ákveðið að seljandi tæki að sér að tæta trjástubba sem stæðu uppúr jörðinni en álitsbeiðandi hafði sjálfur fellt tré í garðinum. Aðspurður hafi seljandi sagt að það verk mundi kosta 60.-65.000 kr. fyrir utan virðisaukaskatt. Áætlað heildarverð við verkið hafi því verið 155-160.000 kr. fyrir utan virðisaukaskatt.

Reikningur frá seljanda hafi hins vegar verið að upphæð 388.375 kr., fyrir utan virðisaukaskatt, og þar af hafi kostnaður við tætingu trjástubba verið 288.750 kr.

Gerir álitsbeiðandi ekki athugasemdir við fyrri verkliðinn, þ.e. trjáfellinguna, enda hafi verð vegna þess liðar nokkurn veginn staðist áætlun. Hins vegar hafi hann strax kvartað við seljanda vegna kostnaðar við tætingu trjástubbanna, en sá verkliður hafi farið tæplega 230.000 kr. fram úr áætlun.

Aðilar hafa reynt að ná sáttum í málinu en án árangurs, og samkvæmt upplýsingum sem bárust frá álitsbeiðanda hinn 21. október er krafa seljanda í innheimtuferli.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda segir m.a. svo um þann verkþátt sem ágreiningur er um, þ.e. tætingu á trjástofnum:

„Engu minna verk að tæta niður trjástofna eftir trén 6 sem höfðu verið felld og einnig stofna af öðrum trjám sem X hafði fellt sjálfur. Vinnan við þetta tók einn mann um 38 og hálfan tíma að klára. Upphaflega hafði verið gert ráð fyrir ca 10 tíma vinnu við verkið en það yrði að fá að sjá hvernig það mundi vinnast og þess vegna unnið í tímavinnu.“

Um kröfur seljanda segir svo eftirfarandi:

„Okkar svör eru einföld.

X fær okkur til þess að meta verk, við gefum aldrei föst tilboð í vinnu við stubbatætingu heldur vinnum verk í tímavinnu sem X er sagt frá. Hinsvegar er honum gefin gróf áætlun í

verkið og með þeim fyrirvara að hann þurfi að fylgjast með tímunum sem fara í verkið og láta okkur vita ef hann vill á einhverjum tímapunkti ekki halda áfram. Annað verkið, Trjáfellingin, stóðst þá tíma áætlun enda um frekar einfaldari hlut að áætla heldur en stubbatætinguna. Vinnan við stubbatætinguna tók lengri tíma en gert var ráð fyrir í upphafi X var hinsvegar alltaf með það á hreinu þegar við vorum að koma og vinna í garðinum hjá honum og hvað verkinu leið og miðað við þær upplýsingar sem honum voru gefnar varðandi tímavinnu í verkinu hefði reikningurinn sem honum barst ekki átt að koma honum á óvart. Enda mikil vinna sem legið hefur á bakvið bæði verkin.“

Jafnframt er í andsvörum seljanda að finna lýsingar á sáttumleitunum aðila og eins lýsingar á hinum verkliðnum, þ.e. trjáfellingum, sem aðilar sömdu um. Þar eð ekki er deilt um þann hluta verksins þykir þó ástæðulaust að rekja þann hluta andsvaranna frekar.

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur þessi falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Samkvæmt gögnum málsins verður ráðið að ekki sé ágreiningur um þá liði reikningsins sem snúa að trjáfellingu, akstri eða eitrun, heldur einungis þeim kostnaðarlið sem kominn er til vegna tætingar trjástubba. Aðilum ber saman um að áður en vinna við umrædda tætingu hófst hafi legið fyrir áætlun um verð þó þeim beri ekki að fullu saman um hver sú áætlun hafi verið. Þannig segir í andsvörum Y að upphaflega hafi verið gert ráð fyrir u.þ.b. 10 tíma vinnu, en tímagjald sé 7.500 kr. auk virðisaukaskatts, vegna þess en álitsbeiðandi heldur því fram að áætlun vegna þessa verkliðar hafi hljóðað upp á 60-65.000 kr. fyrir utan virðisaukaskatt. Vinnan við þennan verklið tók hins vegar að lokum 38,5 tíma og var reikningur vegna hans að upphæð kr. 288.750 auk virðisaukaskatts.

Eins og áður sagði gilda lög um þjónustukaup um viðskipti aðila. Í þeim lögum er að finna ýmis ákvæði sem er ætlað að tryggja það að neytandi geti treyst að þær verðupplýsingar sem hann fær séu réttar, en 1. mgr. 31. gr. laganna er svohljóðandi: *Hafi seljandi þjónustu áskilið sér fyrirvara um verð og í ljós kemur að það muni hækka verulega eða atvik verða sem nefnd hafa verið í 30. gr. skal seljandi tilkynna neytanda það án tafar og óska eftir fyrirmælum um verkið.*

Í 29. gr. er svo kveðið á um að verð þjónustu megi ekki fara verulega fram úr verðáætlun, en í 30. gr. er þó kveðið á um undantekningu á þeirri reglu, þ.e. að seljandi eigi rétt á viðbótargreiðslu hafi verð hækkað vegna ófyrirsjáanlegra kringumstæðna. Séu þær aðstæður uppi er þó skylt skv. áðurnefndri 31. gr. að tilkynna neytanda um slíkt. Þá er í 6. gr. laganna lögð rík leiðbeiningarskylda á seljanda, hvað varðar upplýsingar um umfang og kostnað verks. Séu þessi ákvæði ekki virt, og áætlað verð fer fram úr áætlun getur seljandi alla jafna ekki krafist viðbótargreiðslu eða fulls verðs fyrir verkið, nema að svo miklu leyti sem það getur talist sanngjarnt sbr. 7. gr. laganna.

Af gögnum málsins verður ekki séð að seljandi hafi sinnt tilkynninga- og leiðbeiningarskyldu sinni með fullnægjandi hætti með því að tilkynna álitsbeiðanda að verð vegna umræddrar stubbatætingar yrði svo miklum mun hærra en upphaflega var gert ráð fyrir.

Með hliðsjón af þeirri ríku tilkynningarskyldu sem lögð er á seljanda þjónustu, svo og þeirri meginreglu laganna að neytandi eigi að geta treyst uppgefnu verði, eða verðáætlun sem látin er í té, er það mat nefndarinnar að álitsbeiðanda sé ekki skylt að greiða meira vegna þessa verkliðar en sem svarar upphaflegri áætlun, en samkvæmt andsvörum Y gerði sú áætlun ráð fyrir að kostnaðurinn næmi 75.000 kr. auk virðisaukaskatts. Sá kostnaður sem Y krafðist vegna þessa verkliðar nam hins vegar tæplega fjórum sinnum hærri upphæð. Þegar um svo mikil frávík er að ræða verður að telja að skylda seljanda til að tilkynna um það án tafar og óska nánari fyrirmæla frá neytanda um áframhald verksins sé algerlega fortakslaus. Þá liggur enda ekki annað fyrir en álitsbeiðandi hafi átt töluverð samskipti við starfsmenn Y meðan á verkinu stóð og hefði því átt að reynast auðvelt að tilkynna honum um þessi miklu frávík frá verðáætlun.

Þá liggur í raun ekki fyrir af hverju verðáætlun Y var svo fjarri lagi sem raun ber vitni, og verður raunar ekki séð að fyrir hendi hafi verið einhverjar þær aðstæður er afsaki það. Verður þá ekki, að mati nefndarinnar, byggt á þeirri mótbáru seljanda, að álitsbeiðanda hafi sérstaklega verið tilkynnt um að hann þyrfti sjálfur að fylgjast með tímunum sem færu í verkið og stöðva framkvæmdir litist honum svo á. Skylda til að tilkynna um frávik frá verðáætlun, og óska frekari fyriræla neytanda um áframhald verks, hvílir samkvæmt lögnum á seljanda, og verður, sér í lagi með hliðsjón af 3. gr. þeirra, ekki velt yfir á neytanda með þessum hætti. Þá liggur jafnframt fyrir að jafnvel þótt gerður hafi verið fyrirvari af þessu tagi við uppgefna verðáætlun ber seljanda að tilkynna um verulega verðhækkun í samræmi við áðurnefnda 1. mgr. 31. gr. laga um þjónustukaup.

Þá verður, með hliðsjón af atvikum öllum, ekki litið svo á að regla 7. gr. laganna komi hér sérstaklega til skoðunar.

Niðurstaða kærunevndarinnar samkvæmt framansögðu er sú að álitsbeiðanda beri að greiða fyrir eftirfarandi kostnaðarliði í tengslum við vinnu seljanda: Akstur kr. 18.000, vinnu vegna trjáfellinga kr. 77.625, vinnu vegna tætingar á trjástubbum kr. 75.000 og vegna eiturs kr. 4.000, eða samtals kr. 174.625 auk virðisaukaskatts, eða samtals 219.154 kr. og sé þar með um fullnaðargreiðslu vegna vinnunnar að ræða. Þannig beri seljanda, Y, að lækka reikning sinn um 268.257 kr. og hafi upphaflegi reikningurinn að upphæð kr. 487.411 þegar verið greiddur ber seljanda að endurgreiða álitsbeiðanda umrædda upphæð, eða kr. 268.257 kr.

Álitsorð

Álitsbeiðandi, X, greiði seljanda, Y, kr. 219.154.

Áslaug Árnadóttir

Lárus M.K. Ólafsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir